

SKYNSAMLEG NOTKUN ALMENNINGS Á EINNOTA HÖNSKUM OG GRÍMUM



HVENÆR EIGUM VIÐ AÐ NOTA GRÍMUR OG HVERNIG ERU ÞÆR NOTAÐAR?

- Heilbrigðir ættu aðeins að nota grímur ef þeir sinna umönnun fólks sem er hugsanlega með COVID-19 sýkingu.
- Notaðu grímu ef þú ert með flensueinkenni, hóstar eða hnerrar og aðrir eru nærri.
- Grímur eru aðeins gagnlegar ef regluleg handhreinsun er stunduð líka, með sápu og vatni eða sprittun.
- Ef þú notar grímu skaltu gæta vel að því að setja á þig grímuna, taka hana af þér og henda með réttum hætti.

HVENÆR EIGUM VIÐ AÐ NOTA HANSKA OG HVERNIG ERU ÞEIR NOTAÐIR?

- Þvoum hendur og þurrkum vel með hreinum klút áður en matvæli eru snert og/eða matar er neytt, alltaf eftir salernisferðir og þegar hendur mengast.
- Ef við komumst ekki í handlaug til að þvo hendur er ráðlagt að nota handspritt í stað handþvottar.
- Líta ætti á alla hanska sem óhreina. Hætt er við að handhreinsun verði útundan og gleymist að skipta um hanska milli verka, ef þeir eru notaðir að staðaldri.
- Hanska á að nota við óhrein verk, s.s. þrif. Einnig ef matvæli sem aðrir neyta, án skolunar eða eldunar, eru handleikin með berum höndum. Ekki fara á milli verka án þess að skipta um hanska. Hendur á að hreinsa fyrir og eftir hanskanotkun.
- Ef hanskar (t.d. plasthanskar) eru notaðir þar sem afgreidd eru matvæli tilbúin til neyslu t.d. í bakaríum og á veitingastöðum, þarf að fara í hreina hanska fyrir hverja afgreiðslu og henda þeim gömlu.
- Ef annað afgreiðslufólk vill nota hanska þá mætti nota plasthanska; vínýlhanska eða nítrínhanska. Latex hanskar eru óæskilegir vegna hættu á ofnæmi hjá viðskiptavinum.

